

66. kirkjuþing 2024 - 2025

31. mál – þskj. 31a

T I L L A G A

til þingsályktunar um stjórnskipulag Skálholtsstaðar.

Flm. Axel Árnason Njarðvík.

Kirkjuþing 2024-2025 samþykkir að skipa nefnd þriggja óháðra fulltrúa til að taka út núverandi stjórnskipulag Skálholtsstaðar. Nefndin meti hvort skipulagið uppfylli kröfur um skýra ábyrgð og verkaskipti þeirra sem hana bera gagnvart staðnum og þjóðkirkjunni almennt. Eins hvort skipulagið sé svo einfalt og hagkvæmt sem unnt er og hvort boðleiðir séu almennt skýrar. Telji nefndin að betur megi fara til að sem bestur árangur náist í þjónustu og rekstri staðarins, vinni hún tillögur að endurskoðuðu stjórnskipulagi Skálholts. Nefndin leggi fram skýrslu um niðurstöður sína á 66. kirkjuþingi að vori 2025.

Greinargerð.

Hinir fornu biskupsstólar að Hólum og í Skálholti eru þýðingarmiklar starfseiningar þjóðkirkjunnar. Þeir eru enn fremur mikilvægur hluti Íslandssögunnar. Þjóðkirkjan ber þar mikla ábyrgð. Kirkjunni er mikill sómi sýndur með því að vera treyst til að annast um báða hina fornu biskupsstóla, þjónustu þar, trúar- og annað menningarstarf og mannvirki af ýmsum toga. Nokkur munur er þó á stöðunum og starfsemi þar.

Mikil umsvif eru í Skálholti, staðurinn fjölsóttur og rekstur Þjóðkirkjunnar þar umfangsmikill. Margir aðilar koma með einum eða öðrum hætti að starfi í Skálholti og rekstri, en ábyrgð þeirra er mismunandi. Því er mikilvægt að stjórnkerfi staðarins sé sniðið að þeirri flóknu umgjörð, en þess jafnframt gætt að stjórnkerfið sé ekki of flókið. Ábyrgð hvers og eins sem hlutverk hefur í Skálholti verður að vera skýr, verkaskipti ljós og boðleiðir skýrar. Góð og virk upplýsingamiðlun er mikilvæg.